



**Kveðja frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni og
Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur**

Við óskum Kammerkór Grensáskirkju heilla í ferð kórsins til Rómar. Söngur æskufólks er besta vinarkveðja sem þjóðir senda hver annarri. Tónlistin er tungumál sem allir skilja og glæðir æskuárin dýrmætum minningum.

Í fornum sögum íslenskum eru frásagnir af frægðarferðum til Páfagarðs. Kammerkór Grensáskirkju heldur nú því forna merki hátt á lof og færir Hans Heilagleika, kirkjugestum í Péturskirkju og ítölskum áheyrendum söngkveðjur frá Íslandi.

Íslendingar minnst hátíðlegrar heimsóknar Jóhannesar páfa til Íslands og messu hans í heilögum sögustað þjóðarinnar, Þingvöllum, þar sem þjóðveldi var stofnað til forna og lýðveldi á þessari öld.

Við biðjum kórin að flytja góðar kveðjur frá okkur hjónum um leið og við hyllum stjórnanda kórsins Margréti Pálmadóttur fyrir frábært tónlistarstarf.